

Áætlun um öryggi og heilbrigði



Nýheimum

780 Höfn

Sími 470 8070

Fax 470 8070

www.fas.is



INNGANGUR	3
SAMANTEKT UM NIÐURSTÖÐUR ÁHÆTTUMATS	3
INNRA STARF	3
VINNUVERNDARSTARF	3
HOLLUSTUHÆTTIR	3
VINNURÝMI	3
INNILOFT	4
EFNI OG EFNAÁHRIF	4
LÝSING	4
HÁVAÐI	4
VERKSTÖÐUR LÍKAMLEGT ÁLAG	4
FÉLAGSLEGUR OG ANDLEGUR AÐBÚNAÐUR	4
VINNUTÍMI	4
ENDUR OG SÍMENNTUN	4
ÖRYGGI	5
HÚSNÆÐI OG UMHVERFI	5
NEYÐARRÁÐSTAFANIR OG FORVARNIR	5
SÉRRÝMI	5
PERSÓNUHLÍFAR	5
AÐBÚNAÐUR	5
STARFSMANNARÝMI	5
RÆSTI KLEFI	5
EFTIRFYLGNI	5
AÐGERÐARÁÆTLUN	6

Inngangur

Tilgangur þess að hafa aðgengilega skriflega áætlun um öryggi og heilbrigði er til þess að fyrirbyggja og draga úr líkum á slysum, óhöppum, álagi, vanlíðan og heilsutjóni starfsfólks við störf sín.

Áætlunin felur í sér áhættumat (fylgiskjal 1), áætlun um heilsuvernd og forvarnir sem eiga að leiða til úrbóta. Þegar úrbætur hafa verið gerðar fylgir í kjölfarið eftirfylgni sem á að tryggja stöðugleika og varanlegar lausnir.

Með þessari áætlun viljum við tryggja sem best öryggi og vellíðan allra okkar starfsmanna. Þessari áætlun skal framfylgja í daglegri starfsemi skólans þannig að vinnuverndarstarfið verði sjálfsagður og eðlilegur hluti af starfi skólans. Árangurinn verður metinn reglulega í samráði við öryggistrúnaðarmann og gæðastjóra, sem ásamt skólameistara skipa öryggisnefnd skólans. Áætlunina verður að finna á heimasíðu skólans.

Þessi áætlun er gerð af skólameistara samkvæmt vinnuverndarlögum (nr. 46/1980) þar sem fram kemur að atvinnurekandi ber ábyrgð á gerð áætlunar um öryggi og heilbrigði á vinnustað. Áætlunin er rýnd af öryggistrúnaðarmanni og gæðastjóra.

Lögin má finna á síðum [Vinnueftirlitsins](#).

Reglur og reglugerðir er einnig hægt að finna á síðum [Vinnueftirlitsins](#).

Samantekt um niðurstöður áhættumats

Áhættumatið var unnið 23. janúar 2024 af Lind Völundardóttur skólameistara, Herdísí Waage aðstoðarskólameistara og gæðastjóra og Línu Dóru Hannesdóttur öryggistrúnaðarmanns.

Innra starf

Skólinn er staðsettur í Nýheimum, sem einnig er húsnæði fleiri stofnana. Húsnæðið er í sameign ríkis, Sveitarfélagsins Hornafjarðar og Háskóla Íslands. Öll umsýsla eins og viðhald og þrif eru á hendi sveitarfélagsins.

Vinnuverndarstarf

Við skólann starfar öryggistrúnaðarmaður sem tók þátt í gerð þessarar áætlunar. Þessari áætlun um öryggi og heilbrigði fylgir áhættumat (fylgiskjal 1) undirritað af skólameistara og öryggistrúnaðarmanni.

Hollustuhættir

Vinnurými

Vinnurými kennara er að mörgu leyti ófullnægjandi. Skólinn var byggður fyrir rúmum 20 árum og hefur margt breyst á þeim tíma. Skólastofur eru flestar of stórar fyrir hópastærðir eins og þær eru í dag, en vinnurými kennara of lítil. Við erum að leita lausna sem í samvinnu við kennara verður unnið að.

Inniloft

Í fyrra 2023 var loftræsting hússins hreinsuð og gerð hreinsunarátætlun. Hitastig í skólanum er oftast gott, en ekki alltaf. Búið er að tilkynna þetta til viðeigandi aðila, þeirra sem eiga að bregðast við.

Efni og efnaáhrif

Varasöm og hættuleg efni eru ávallt geymd í læstum skápum. Þessi efni er eingöngu að finna í náttúrufræðistofu skólans og þar eru sértílgærðir læstir skápar og allur hlífðarbúnaður til staðar.

Lýsing

Lýsing í skólanum er barn síns tíma og þarfnast endurnýjunar. Við munum þó taka önnur brýnni verkefni á undan. Þetta er gert í sátt við starfsfólk.

Hávaði

Í byggingunni er stórt opið rými milli tveggja hæða í byggingunni og það er töluvert bergmál í húsinu. Húsið er nýkomið undan lagalegri vernd arkitekta um breytingar og eru húseigendur að grennslast fyrir um það hvernig hægt er að bæta hljóðvist í húsinu.

Verkstöður líkamlegt álag

Farið hefur verið í áttak um húsgögn, þ.e. vinnuhúsgögn skólans eins og vinnuborð og stóla. Öll borð eru nú upphækkanleg í standandi stöðu. Aðrir hlutir sem lúta að verkstöðum og líkamlegu álagi eru í skoðun.

Félagslegur og andlegur aðbúnaður

Lagðar eru fyrir reglulegar kannanir fyrir starfsfólk og starfsmannasamtöl eru haldin reglulega. Einnig eru skólastjórnendur alltaf reiðubúnir í samtalið. Það er góður andi á vinnustaðnum og fólk almennt ánægt.

Vinnutími

Vinnutími starfsmanna er breytilegur eftir eðli og starfslýsingu starfs.

Endur- og símenntun

Hvatning til endurmenntunar er mikil innan stofnunarinnar. Einnig er góður skilningur hjá stjórnendum ef fólk þarf að fara í námslotur eða á námskeið. Námshvetjandi ákvæði voru sett í stofnanasamning.

Öryggi

Húsnæði og umhverfi

Húsnæðið sem við búum í er að mörgu leyti sérstakt, þar sem það er sameign þriggja aðila. Húseigendur hittast reglulega og fara yfir meðal annars öryggisatriði í húsinu. Húsvörður er í húsinu sem heldur utan um rýmingaráætlun, en sú áætlun hangir uppi í öllum rýmum hússins.

Neyðarráðstafanir og forvarnir

Áætlun um viðbrögð við bráðahættum er ekki til staðar og þarf að bæta úr því. Undirrituð mun fara í samtali við húseigendur um það.

Sérrými

Raungreinastofan er eina rýmið sem talist getur til sérrýmis. Stofan er fullbúin því sem þarf til að gæta öryggis og heilbrigðis þeirra sem þar vinna.

Persónuhlífar

Viðeigandi persónuhlífar eins og gleraugu, sloppar, svuntur og heyrnarhlífar eru til staðar.

Aðbúnaður

Starfsmannarými

Kaffistofan okkar er í hæfilegri stærð. Enga læsta skápa er að finna í starfsmannarými.

Ræstiklefi

Ræstiklefi er á annarri hæð hússins og í ræstiklefa er gott aðgengi.

Eftirfylgni

Til þess að vinnuverndarstarf skólans sé virkt er nauðsynlegt að áhættumat sé yfirfarið árlega. Einnig ef starfsemi breytist (reglur nr. 920/2006 um skipulag vinnuverndarstarfs í fyrirtækjum). Eftirfylgni er á ábyrgð stjórnanda. Mikilvægt er að starfsfólk taki virkan þátt í vinnuverndarstarfinu og fylgist vel með öllu því sem getur haft áhrif á líðan, heilsu og öryggi starfsfólks.

Tilkynningar um það sem betur má fara, í sambandi við líðan, öryggi og heilsu, skulu berast til öryggistrúnaðarmanns eða yfirmanns.

Aðgerðaráætlun

Áætlun þessi var skrifuð af stjórnendum og yfirfarin af öryggistrúnaðarmanni. Farið var í gegnum áhættumatið og aðgerðaráætlun sett saman. Áætlunin er gerð í kjölfar úttektar Vinnueftirlitsins.

Áhættumat skal gera, í byrjun hvers árs. Þá er unnin ný aðgerðaráætlun fyrir næsta ár. Aðgerðaráætlunin sem hér fylgir gyldir til 24.01. 2025